

Kennari:

Brynja Stefánsdóttir
Kristín Björk Hallvarðsdóttir
Sigurrós Hrefna Skúladóttir

Kennslufyrirkomulag:

Verkleg og bókleg kennsla inn í bekk og í náttúrufræðistofu

Tímafjöldi:

6 kennslustundir

Bekkur:

1. og 2. bekkur

Vísindi og tækni

Megintilgangur vísindasmiðju er að nemendur kynnist og fræðist um hinn spennandi heim vísinda og sköpunar. Að nemendur taki virkan þátt og öðlist nýja þekkingu á spennandi og merkingabæran hátt.

Vísinda- og tæknismiðja tengir saman verklega vinnu náttúrugreina og hina ýmsu tækni. Tenging á milli þessara þátta er nær en oft er talið. Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og tækni og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur geti farið eftir einföldum leiðbeiningum við vísindaleg vinnubrögð ásamt því að kynnast hinum margbreytilega heimi tækninnar.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að hjálpa nemendum að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur meðal annars í sér getu að nýta ýmis fjölbreytt tæki og tæknibúnað. Lögð er áhersla á að nemendur séu upplýsingalæsir og geti aflað sér upplýsinga á margvíslegum hátt, vegið þær og metið með gagnrýnum hætti. Þar sem umhverfi okkar mótast æ meir af vísindum og tækni þarf að efla vísindalæsi meðal nemenda þannig að þeir geti tekið þátt í rökræðum um vísindaleg málefni.

Tæknismiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Ipad Tæknisjónvarp Upplýsingatækni og öryggi Skuggaleikhús Efnafræði Tæki og áhöld tilrauna Vísindaleg vinnubrögð	Ljós og endurvarp Ljós og skuggi Mæliglös Vogir og bikarglös Fráhrindandi efni Þéttleiki efna	<ul style="list-style-type: none"> - nýtt sér form tækninnar til að leita sér upplýsinga af öryggi - sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn - meðhöndlað tæki af virðingu - tengt vísindaleg vinnubrögð við vinnuferli tilrauna og athugana - framkvæmt einfaldar athuganir og tilraunir - tekið þátt í umræðum - sýnt kurteisi og virðingu í samskiptum - farið eftir fyrirmælum 	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		